



Stefna Sveitarfélagsins Ölfuss í menningarmálum 2017-2022

Menningarstarf í sveitarfélaginu

- Gera samstarfssamninga við félög og einstaklinga um menningarstarf í sveitarfélaginu.
- Veita annað hvert ár menningarverðlaun og árið á móti því listaverðlaun Sveitarfélagsins Ölfuss.
- Kynna Lista- og menningarsjóð sveitarfélagsins og aðstoða við gerð umsókna auk þess að kynna aðrar leiðir til fjármögnunar verkefna.
- Veita aðstoð og ráðgjöf.
- Stuðla að markvissu samstarfi menningar- og menntastofnana.
- Styðja félagasamtök sem og einstaklinga við uppbyggingu lista- og menningarstarfs barna og ungmenna.
- Leitast við að virkja ungmenni, í samstarfi við ungmennaráð, í mótun dagskrár menningarhátíða þegar það á við.

Menningarviðburðir

- Halda bæjarhátíð í Þorlákshöfn undir nafninu Hafnardagar, þar sem leitað er eftir samstarfi við fyrirtæki, félagasamtök, skóla, unglingaráð og íbúa sveitarfélagsins.
- Hvetja og styðja skapandi einstaklinga, félagasamtök eða fyrirtæki í sveitarfélaginu til að koma list sinni á framfæri og/eða efna til menningarviðburða í Þorlákshöfn sem og dreifbýli Ölfuss.
- Skipuleggja fjölbreytta menningarviðburði á ári hverju sem höfðar til sem flestra.
- Bjóða ókeypis aðgang að tónleikum og öðrum listviðburðum á vegum sveitarfélagsins fyrir börn 12 ára og yngri.
- Efna til fjölbreyttra sýninga í Galleríinu undir stiganum sem og annarra sýninga í sveitarfélaginu.
- Leitast við að fá íbúa af erlendum uppruna til að taka þátt í menningarviðburðum sem í boði eru.
- Kynna safnastarfsemi Árnesinga fyrir íbúum Ölfuss sem sveitarfélagið er hluti af. Það er Listasafn Árnesinga, Byggðasafn Árnesinga og Héraðsskjalasafn Árnesinga.

Menningararfur

- Merkja og kynna valda sögustaði og minjar vítt og breitt um sveitarfélagið.
- Leitast við að vernda svæði og byggingar sem hafa sögulegt gildi fyrir sveitarfélagið.
- Halda áfram með hönnun útivistar- og sýningarsvæðisins á svonefndu hverfisverndarsvæði og næsta nágrenni.
- Leitast við að miðla sögu tengdri sveitarfélaginu til íbúa Ölfuss sem og annarra.

Markaðs- og kynningarmál

- Efla Bæjarbókasafn Ölfuss sem menningar-, upplýsinga- og fræðslumiðstöð.
- Kynna menningarstarf sem er í gangi í sveitarfélaginu bæði innan þess sem og utan.